



Borgarráð

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kynningu varðandi minnisblað Betri samgangna vegna fjármagnsskipunar félagsins

Á fundi borgarráðs þann 4. mars 2021 lagði áheyrnarfulltrúi Miðflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Á stjórnarfundum SSH þann 15. febrúar sl. var lagt fram og kynnt minnisblað frá stjórn Betri samgangna ohf. þar sem lagðar voru fram tillögur að mögulegum útfærslum fjármagnsskipunar félagsins, ásamt minnisblaði PwC varðandi þær útfærslur sem eru færar í því efni. Jafnframt kom fram að framkvæmdastjóri SSH hafi fundað með fjármálastjórum og endurskoðendum sveitarfélaganna vegna þessa. Borgarfulltrúi Miðflokksins óskar eftir að framkvæmdastjóri Betri samgangna ohf. komi á fund borgarráðs og kynni minnisblaðið.

Svar:

Á fundi borgarráðs þann 2. september 2021 fer fram kynning á starfsemi Betri samgangna ohf., stöðu framkvæmda og fjármagnsskipan félagsins.

Bjarni Þóroddsson
staðgengill skrifstofustjóra borgarstjórnar

